

Ed.

317. Nefndarálit

um frv. til laga um fimmtardóm.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls; er nefndin klofin, og skilar hvor nefndarhluti sínu álit.

Frumvarp þetta var borið fram á síðasta þingi og er nú flutt að mestu eins og Ed. samþykkti það við 2. umræðu í fyrra. Tveimur nýjum ákvæðum hefir verið bætt inn í frv. og árslaun aðaldómara í fimmtardómi eru ákveðin nokkru lægri en í frv. í fyrra, eða jöfn launum núverandi hæstaréttardómara.

Hin nýju atriði eru bæði í 8. gr., um veitingarskilyrði aðaldómenda. Það fyrra heimilar, að maður, sem sýnt hefir verulega yfirburði í lögfræði með vísindalegri starfsemi, geti orðið dómari, þótt eigi hafi hann verið embættismaður eða flutt mál fyrir hæstarétti eða fimmtardómi. Hið síðara mælir svo fyrir, að fimmtardómendur skuli hafa lokið prófi í siglingafræði. Fyrri atriðið álitur meiri hl. til bóta.

Hvað síðara atriðið snertir, telur meiri hl. æskilegt, að dómara í fimmtardómi hefðu þá sérþekkingu, sem þar er áskilin, en þar sem deila má um, hvernig slíkri fræðslu yrði bezt komið fyrir, virðist meiri hl. rétt að láta ákvæðið niður falla, þar til séð hefir verið fyrir slíkri fræðslu við háskólann á þann hátt, er við þykir eiga.

Þar sem ekki verður hjá því komið, að mjög hráðlega fari fram endurskoðun á launakjörum allra embættis- og starfsmanna ríkisins, virðist eðlilegt, að svo stöddu, að dómurum við fimmtardóm séu ætluð sömu laun og nú hafa dómara hæstaréttar.

Um frv. að öðru leyti visast til nefndarálits meiri hl. allsherjarnefndar Ed. á síðasta þingi (Alpt. 1930, A. þskj. 374) og umræðna þeirra, er þá fóru fram um málið.

Meiri hl. allsherjarnefndar leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 8. gr. 3. töluliður greinarinnar falli niður.
2. Við 64. gr. Síðari málslíður greinarinnar falli niður.

Alþingi, 31. marz 1931.

Ingvar Pálmason,
form. og frsm.

Erhngur Friðjónsson,
fundaskrifari.